

Miðvikudaginn 19. apríl 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Melabraut 17, Hafnarfirði.

Fyrir var tekið mál nr. 12A/2023.

HRFÍ

gegn

XX

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 21. febrúar 2023 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærði XX hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur og reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 05. nóvember 2022 með því að para German Short-Haired Pointing Dog tíkina AA án þess að vera með niðurstöðu úr mjaðmamyndum og að para tíkina við föður sinn BB. Þannig að COI prósentu gotsins er 32,8%. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er YY

Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 02. Mars 2023 og honum gefinn fjögurra vikna andmælafrestur. Kærði svaraði efnislega með bréfi dagsettu 30. Mars 2023. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með þöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ og reglur um ættbókarskráningu með því að para German Short-Haired Pointing Dog tíkina AA án þess að niðurstöður úr mjaðmamyndum lægi fyrir og við föður sinn.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

Para ekki alsystkin, föður með dóttur eða móður með syni.

GERMAN SHORT-HAIRED POINTING DOG Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð

IV. Niðurstaða

Kærði telst hafa gerst brotlegur við 2.4 gr og 2.5 gr grundvallarreglna fyrir félagsmenn sem hann hefur gengist við með andsvari dagsettu 30. mars 2023


Kærði er útilokaður frá starfi HRFÍ í 12 mánuði þar með talið frá þátttöku í sýningum félagsins, afhendingu ættbókaskírteina og þátttöku í trúnaðarstarfi félagsins.

Úrskurðurinn gildir frá og með dagsetningu þessa bréfs að telja en að þeim tíma liðnum er kærði fullgildur félagsmaður á ný komi ekki til frekari ágreinings við HRFÍ

f.h. siðanefndar



Arnheiður Runólfsdóttir



Sunna Birna Helgadóttir

